Nýjung í íslenskri skipasmíði:

Skuttogari og nótaveiði-skip í senn


Tveir slíkir togarar í smíðum í Slippstöðinni á Akureyri

Fyrsti íslenski togarinn sem bæði er skuttogari og nótaveiðiskip er nú í smíðum í Slippstöðinni á Akureyri og er verið að byrja á öðrum eins. Talið er að smíði þessara skipa muni geta valdið straumhvörfum fyrir þá staði á landinu, sem þurfa á að halda skipum, sem hægt er að nýta allt árið við mismunandi veiðar.

Ingólfur Sverrisson hjá Slippstöðinni sagði að margir hefðu lagst á eitt við að hanna þennan togara og væri þessi samvinna mjög athyglisverð, en útgerðarmenn hafa m.a. verið með í ráðum um gerð hans. Fyrsti togarinn af þessu tagi sem langt er kominn er smíðaður fyrir Rafn h.f. í Sandgerði. Gert er ráð fyrir að hann komist á flot í nóvember og verði síðan afhentur um mánaðamótin febrúar-marz. Síðari togarinn af þessari tegund, sem ákveðið er að smíða, verður afhentur í janúar 1977, en það er Þórður Óskarsson á Akranesi sem kaupir hann. Á milli þessara tveggja verður svo smíðaður togari fyrir útgerðarfélag Dalvíkinga og verður skrokkurinn keyptur frá Noregi. Sagði Ingólfur að hlutföll á milli verkhópa slippstöðvarinnar röskuðust mjög við smíði togaranna tveggja, þar sem þar er mest vinna fyrir málmiðnaðarmenn, en smíði togarans fyrir Dalvíkinga myndi skapa atvinnu fyrir ýmsa aðra hópa, t.d. trésmiði, rafvirkja og vélvirkja. Ekki er vitað hvað verður endanlegt verð togarans sem smíðaður er fyrir Rafn h.f., en hann er um 470 lestir. Sagðist Ingólfur vera mjög bjartsýnn með þetta verk og þegar hefðu fleiri aðilar sýnt áhuga á að láta smíða slíkan togara. —þs.



Þannig leit skrokkur skipsins út fyrir einum þremur vikum er fréttamaður Þjóðviljans leit inn í Slippstöðina. Ljósm. sj.



Sjálfvirkur logskeri

Ný útflutningsvara


Lampar gerðir á Hvolsvelli

Í júní síðastliðnum var gerður samningur milli Jóhannesar Pálssonar, plastframleiðanda og uppfinningamanns og Henning Jensen, eiganda Belysningsagenturet A/S í Kaupmannahöfn um framleiðslu á nýrri gerð af handlampa (vinnuljósi) sem Jóhannes hefur hannað.

Handlampann á að framleiða að hluta til á Íslandi hjá nýstofnuðu fyrirtæki, sem heitir Bjallaplast, Hvolsvelli,og að hluta til í Danmörku. Henning Jensen mun sjá um sölu lampans á erlendum mörkuðum en Jóhannes Pálsson hér. Gert er ráð fyrir að framleiða 200 þús. lampa á ári og þar af seljist í Danmörku ca. 50.000, en það sem þá sé eftir verði flutt út. Væntanlega seljast 3—4000 lampar á Íslandi á ári. Framleiðsluverðmæti 200 þús. lampahluta sem framleiddir verða á Íslandi nema ca. 28 milj. króna og veitir ca. 5 manns atvinnu.

Jóhannes byrjaði að hanna lampann fyrir 2 árum og hafði þá samband við Útflutningsmiðstöðina jafnframt því að hann reyndi fyrir sér í Noregi. Skriður komst á málið fyrir 9 mánuðum er Útflutningsmiðstöð iðnaðarins náði sambandi við Henning Jensen í gegnum umboðsmann Glits í Danmörku, Agnar Samuelsson, en Glit hefur selt þessum danska aðila keramiklampa.

Danska rafmagnseftirlitið hefr skoðað prototypur af lampanum og samþykkt hann fyrir sitt leyti.




Rafsuðumaður að starfi

Leiklistarskóli Íslands:

Pétur Einarsson skólastjóri



Pétur Einarsson hefur verið settur skólastjóri Leiklistarskóla Íslands til fjögurra ára. Jafnframt hefur menntamálaráðherra skipað Klemenz Jónsson formann skólanefndar Leiklistarskólans. Aðrir í skólanefnd eru Helga Hjörvar (Bandalag ísl. leikfélaga) Sigmundur Örn Arngrímsson (Leikfélag Akureyrar), Vigdís Finnbogadóttir (Leikfélag Reykjavíkur) Sveinn Einarsson (Þjóðleikhúsið), Guðmundur Jónsson (Ríkisútvarpið) og Þorsteinn Gunnarsson (Félag ísl. leikara). Auk þess eiga kennarar og nemendur rétt á að skipa sinn hvorn fulltrúann í skólanefndina til eins árs. Skólinn tekur til starfa í haust. þs.



Tarnús við eina af myndum sínum á Kjarvalsstöðum.

Tarnús sýnir að Kjarvals-stöðum

Á laugardaginn kl. 14 opnar málverkasýningu að Kjarvalsstöðum málarinn Grétar Magnús Guðmundsson, sem nefnir sig listamannsnafninu Tarnús.

Þetta er fyrsta einkasýning Tarnúsar, en áður hefur hann tekið þátt í haustsýningu árið 1973. Að þessu sinni sýnir hann 35 málverk, og eru þau gerð á ellefu ára tímabili, hið elsta frá 1964, en langflest eru þó frá síðasta ári og þessu. Tarnús hóf nám við Handíða- og myndlistaskólann 1968, en lauk kennaraprófi þaðan 1971. Auk þess hefur hann einnig fengist við tónlist.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 14 til 22 og stendur hún til 4. ágúst. Einhvern tíma í næstu viku kann að vera að popp-hljómsveit liti þar inn og spil eina kvöldstund, en það er enn óráðið og verður tilkynnt nánar síðar. Flestar myndirnar eru til sölu.